

Háskólaráðsfundur, Bifröst 13. febrúar 2013, kl. 14:00

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir, Stefán Sveinbjörnsson, Jón Ólafsson, Andri Björgvin Arnþórsson, Hallur Jónasson, Signý Óskarsdóttir, Ollý Björk Ólafsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Jón Ingi Smárason, María Einarsdóttir og Maj-Britt Hjördís Briem sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Lee Ann Maginnis, Aagot V.Óskarsdóttir, Viktor Elísson og Guðmundur Ólafsson

1. Fundargerð síðasta fundar.

- a. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Starf rektors

- a. Bryndís Hlöðversdóttir greindi frá því að hún hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 1. ágúst 2013 sem rektor Háskólans á Bifröst. Starfið verður auglýst eftir helgi en stjórn háskólans ræður rektor.

3. Átak stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar til aukinnar menntunar (20/20)

- a. Rektor kynnir átak stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar til aukinnar menntunar fyrir Háskólaráði. Hérlendis er óvenju hátt brottfall nemenda á framhaldsskólastigi og mun hærra en í nágrannalöndum. Þessi hópur er viðkvæmur fyrir atvinnuleysi og því var ráðist í átak milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins hvað þetta varðar. Átakið beinist að tveimur svæðum þ.e. norðvesturlandi og Breiðholtiinu. Umræður.

4. Námskipulag skólaárið 2013-2014

- a. Aðstoðarrektor kynnir drög að námskipulagi skólaársins 2013-2014. Nýjungar eru þessar helstar:
 - Háskólagátt: Nýtt nám sem er undanfari háskólanáms. Þar verður boðið upp á traustar kjarnagreinar með þematengdu námi.
 - Viðskiptafræði: Boðið verður upp á nýjung í fjarnámi í viðskiptafræði þar sem bætt verður við áhersla á ferðapjónustu.
 - Viðskiptalögfræði: hugmynd á frumstigi um fjarnám í viðskiptalögfræði
 - HHS: Áfram verður boðið upp á fjarnám í HHS. Fjarnámsnemendur að hefja ná á 2. ári og hafa nú val um að koma í staðnám á sumarönn eða taka námið á lengri tíma í fjarnámi.
 - Meistaránám.
 - Viðskiptafræði: Boðið verður upp á MIB (gráða án ritgerðar) og MS (gráða með 30 eininga ritgerð).
 - Lögfræði. Námið er óbreytt.
 - Menningarstjórnun: Aukið verður við sérhæfingu í meistaránámi í menningarstjórnun þar sem nemendur geta valið það að leggja áherslu á t.d. lagaumhverfi menningarstofnana, menningarstefnu og miðlun ofl. þætti.
 - Símenntun: Mörg námskeið í gangi.
 - Háskólanámskeið í opnum aðgangi. Stefnt er að því að auka háskólanámskeið í opnum aðgangi.

Umræður: Ábending um að námskeiðin í fjarnámi í viðskiptafræði séu fjölbreyttari og meira spennandi en staðnámskeiðin. Skýrist að einhverju leyti af fáum nemendum í staðnámi í viðskiptafræði. Endanlegt námskipulagið verður lagt fyrir háskólaráð.

5. Inntökuferli, umsóknarfrestir ofl. v/2013

- a. Inntökuferli nýrra nemenda rétt. Nú er verið að ganga frá heimasíðu skólans og kynningarefni klárt. Mikilvægt að halda vel utan um þá nemendur sem sækja um.

6. Önnur mál

- a. Breytingar á prentun og ljósritun á Bifröst
 - i. Stefán Sveinbjörnsson kynnir breytingar á prentun og ljósritun. Háskólinn á Bifröst hyggst draga úr árlegri útprentun innan skólans sem nemur 75 þúsund blaðsíðum með því að taka í notkun Rent a Prent, græna prentlausn frá Nýherja. Um leið mun skólinn fækka prenttækjum um 10%. Markmiðið er að stuðla að lækkun á prent- og ljósritunarkostnaði sem og lækkun á rekstri prentbúnaðar með aðgangsstýrðu prentkerfi. Nú verða tvær öflugar prentstöðvar þar sem nemendur geta prentað, skannað og ljósritað. Grunnnámsnemendur hafa fengið 1000 blöð og meistaranemar 1200 blöð á hverri önn. Prentkvóti verður nú lækkaður í 800 blöð fyrir grunnnámsnema og 1000 blöð fyrir meistaranema. Á móti kemur að nemendur geta nú ljósritað af prentkvóta í stað þess að kaupa ljósritunarkort.
 - ii. Lagt til að útprentuðum eintökum lokaverkefna við Háskólann á Bifröst verði fækkað. Ástæða þess er einkum sú að engin þörf virðist fyrir megnið af þessum útprentuðu eintökum. Þau eru ekki sótt af prófdómurum og leiðbeinendum og því fargað í stórum stíl. Tillaga um að misserisverkefnum verði skilað rafrænt á skiladegi og tveimur útprentuðum bókasafnseintökum skilað á skrifstofu að lokinni misserisvörn, áður en einkunnir eru birtar. Bs-verkefnum skal skilað rafrænt á skiladegi og tveimur útprentuðum bókasafnseintökum skilað á skrifstofu strax eftir að einkunn er birt. Nemendur útskrifast ekki fyrr en þeir hafa skilað tveimur útprentuðum eintökum á skrifstofu. Meistaraverkefnum skal skilað útprentuðum í þremur eintökum á skrifstofu ásamt rafrænu skjali á skiladegi og síðan skal skila tveimur bókasafnseintökum útprentuðum að lokinni meistaravörn og fyrir útskrift. Ennfremur þarf að skila nýju rafrænu skjali ef um leiðréttingar er að ræða. Nemendur útskrifast ekki fyrr en þeir hafa skilað tveimur útprentuðum eintökum á skrifstofu.
 - iii. Tillaga um pappírslausa háskólaráðsfundi – samþykkt samhljóða.
- b. Svindl í lokaprófum.
 - i. Töluverð umræða hefur verið í öllum háskólum um svindl í prófum. Umræðan hefur verið að frumkvæði nemendafélaga skólanna og nemendur Háskólans á Bifröst hvattir til að taka þátt í þessari umræðu. Starfsfólk Háskólans getur komið að þessu með auknu eftirliti, fjölbreyttu námsmati en ítrekað er að nemendur gegna stóru hlutverki í þessari umræðu.
- c. Íbúðalánasjóður – staða óbreytt
- d. Atvinna yfir sumartímann.

- i.** Fyrirspurn um hvort Háskólinn á Bifröst geti boðið nemendum atvinnu yfir sumartímam. Háskólinn hefur ráðið nemendur í hin ýmsu störf yfir sumartímam. Ennfremur er námsmönnum bent á Nýsköpunarsjóð námsmanna.
- e.** Fréttablað Bifrastar
 - i.** Rætt um að gefa út rafrænt fréttabréf. Fréttabréfið verði gefið út 6 sinnum á ári og sent hollvinum skólans.

Fundi lokið kl. 15:35